HAFNARFJÖRÐUR



21. október 2020.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

**MINNISBLAÐ**
**Ungmennaráð, tillögur 2020 - 9. Jafnréttisstefna, mál 2005486**

## 1 KYNNING

Eftirfarandi minnisblað er tekið saman að ósk bæjarráðs, í framhaldi af umræðu í bæjarstjórn, þar sem tillaga frá ungmennaráði Hafnarfjarðar um jafnréttisfræðslu var til umfjöllunar. Eftirfarandi er að finna í umfjöllun viðkomandi aðila.

> 9. liður úr fundargerð bæjarstjórnar 27. maí sl.
> **Jafnréttisfræðsla** Ungmennaráð leggur til að jafnréttisfræðsla verði efld í grunnskólum Hafnarfjarðar.
> Samþykkt samhljóða að vísa málinu til bæjarráðs.
>
> Tekið fyrir í bæjarráði 4. júní 2020.
> Bæjarráð fer með yfirumsjón jafnréttismála í bæjarfélaginu. Þeir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru sammála um mikilvægi þess að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna og að undirbúa einstaklinga fyrir þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi. Bæjarráð vísar tillögunni til fræðsluráðs til frekari úrvinnslu. Bæjarráð, sem jafnréttisráð, óskar jafnframt eftir minnisblaði frá mennta- og lýðheilsusviði um leið og ákvörðun um aðgerðir liggja fyrir um eflingu jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar og hvernig jafnréttisfræðslu er nú sinnt.

Erindið barst til mennta- og lýðheilsusvið í gegnum fræðsluráð Hafnarfjarðar þar sem málið var tekið fyrir á 445. fundi ráðsins fundi þann 12. ágúst 2020 og eftirfarandi bókun lögð fram á fundinum: „Sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs falið að gera minnisblað.“ Sviðsstjóri fól undirrituðum að fylgja málinu eftir. Eftir skoðun á sviðsskrifstofunni var talið að afla þyrfti frekari upplýsinga frá grunnskólunum áður en hægt væri að ganga frá minnisblaði. Því var þann 11. september 2020 sendur eftirfarandi tölvupóstur til grunnskólastjóra:

> Sælir skólastjórar í grunnskólum í Hafnarfirði.
> Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hefur fengið eftirfarandi verkefni frá bæjarráði:
>
> 9. Jafnréttisstefna
> Ósk bæjarráðs eftir minnisblaði mennta og lýðheilsusviðs um ákvörðun um aðgerðir fyrir eflingu jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar og hvernig jafnréttisfræðslu er nú sinnt.
>
> Í samræmi við þessa ósk förum við fram á að hver skóli skili greinargerð til skrifstofunnar eigi síðar en 30. september nk. þar sem fram komi svör við eftirfarandi spurningum:
> 1.Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?

2.Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag (skólaárið 2020-2021)?
3.Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?

Óskað er eftir að svör berist í formskjalinu í viðhengi og sendist fullbúið undirrituðum.



Í október hefur verið gengið eftir upplýsingum frá skólunum og undirbúið að vinna minnisblaðið. Sjálfsagt má telja að kórónaveirufaraldurinn hafi haft áhrif á vinnuhraða og forgang verkefna svo þetta verkefni hafi aðeins dregist. En þegar þetta er ritað hafa borist svör frá átta grunnskólum, þ.e. Áslandsskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar, Hraunvallaskóla, Hvaleyrarskóla, Lækjarskóla, Setbergsskóla, Skarðshlíðarskóla og Öldutúnsskóla. Gögnin frá grunnskólunum má sjá í viðauka hér aftan við minnisblaðið.

Þar sem ítrekuð hefur verið ósk um að svar komi við erindi bæjarráðs er þetta minnisblað unnið án þess að hafa fengið upplýsingar frá öllum grunnskólunum. En þau svör sem komin eru verða talin nægjanleg til að gefa innsýn í og yfirlit yfir jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar sem verður lýst í þessu minnisblaði.

## 2 JAFNRÉTTISFRÆÐSLA SAMKVÆMT LÖGUM UM GRUNNSKÓLA OG AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Lög um grunnskóla gefa til kynna áherslur um jafnrétti og jafnréttisfræðslu í grunnskólum. Í markmiðsgrein laganna frá 91/2008 segir að starfshættir skólanna „skulu mótast af…jafnrétti,…“ (2. grein). Enn fremur segir í lögunum:

> Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, *jafnréttismálum*, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt. (Lög um grunnskóla nr. 91/2208, gr. 25, 2 mgr.) (ATH! Skáletrun í texta gerð af höfundi minnisblaðsins.)

Í aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti 2011/námsgreinahluti 2013) er nánar fjallað um jafnréttisfræðslu í grunnskólunum. Þar má aðallega horfa til tveggja mikilvægra atriða, annars vegar hugmyndinni um grunnþætti menntunar og hins vegar námsviðfangsefninu jafnrétti innan námssviðsins samfélagsgreinar. Almennt kemur hugtakið jafnrétti fyrir á 61 stað í aðalnámskránni auk sérstakrar umfjöllunar um jafnrétti í kafla 2.1.4 en ekki er tilefni til að fjalla ítarlegar um það hér.

Grunnþættir menntunar er sérstök áhersla í aðalnámskrá grunnskóla sem eiga að vera „leiðarljós við námskrárgerðina“ (bls. 16) og er jafnrétti þar einn af sex grunnþáttum menntunar (aðrir eru (1) læsi, (2) sjálfbærni, (3) heilbrigði og velferð, (4) lýðræði og mannréttindi og (5) sköpun). Um hvern þessara grunnþátta gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) út sérstaka ritröð til að kynna frekar hvern grunnþátt í skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla, einnig um jafnrétti, sem komu út á vegum Menntamálastofnunar (MMS) árið 2013. Í umræddri bók um jafnrétti í skólastarfi er rætt um samþættingu jafnréttismenntunar í öllu skólastarfi (bls. 53-55).

Í kafla um viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskólar, en hún skilgreinir kennslumagn til einstakra námssviða (sem geta innifalið í sér mismargar námsgreinar), er viðfangsefnið jafnrétti skilgreint sérstaklega undir námssviðinu samfélagsgreinar. Í aðalnámskránni segir:

> **Samfélagsgreinar**. Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki. (bls. 52)

Samfélagsgreinar hafa 11,46% kennslumagns grunnskólans sem skiptist svona eftir árgöngum:

| samfélagsgreinar | 1.-4. bekkur | 5.-7. bekkur | 8.-10. bekkur | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Mínútur á viku | 580 | 600 | 360 | 1.540 |
| Kennslustundir á viku í árgangi/bekk (að jafnaði) | 3-4 | 5 | 3 | |



Af ofangreindu má sjá áherslur í kennslu í námssviðinu samfélagsgreinar sem ekki er skipt í afmarkaðar námsgreinar í aðalnámskránni. Undirritaður hefur, allt frá því að aðalnámskráin kom út árið 2011, verið þeirrar skoðunar að námssviðinu samfélagsgreinar, með öllum þeim námsgreinum eða námsviðfangsefnum sem sviðinu tilheyra, fylgi of lítið kennslumagn. Það á sérstaklega við á elsta stigi grunnskólans, 8.-10. bekk, að þar séu aðeins að jafnaði 3 vikustundir í kennslunni í þessum þremur árgöngum. Það kemur niður á námi nemenda að þeir fái of litla menntun á þessu sviði miðað við mikilvægi samfélagslegra þátta á unglingsárum sem eru mótandi ár fyrri samfélagslega þátttöku, þá og síðar meir. Það hefur þá verið vandi skólanna að ákveða hvað forgangsröðun eigi að viðhafa við kennslu í samfélagsgreinum, sérstaklega á elsta stigi grunnskólans.

*Sem samantekt á þessum sjónarmiðum laga og aðalnámskrár grunnskóla má telja að:*

- jafnrétti skuli vera miðlægur þáttur í skólastarfi grunnskóla, bæði sem starfsháttur og sem viðfangsefni í kennslu
- jafnréttisfræðsla (jafnréttismenntun) skal vera sérstakt viðfangsefni fræðslu í grunnskólum alla grunnskólagöngu hvers nemanda
- það er í höndum hvers skóla að skilgreina og ákveða hvaða kennsla skuli eiga sér stað, þ.e. hve mikið, inntakið hverju sinni og val á námsefni, kennsluaðferðum og námsmati.

## 3 HAFNFIRSKAR ÁHERSLUR UM JAFNRÉTTI OG JAFNRÉTTISFRÆÐSLU

Hafnarfjörður, sem sveitarfélag og opinber stofnun, fylgir lögum um jafnrétti á vinnustöðum, þ.e. um að í starfsháttum sínum skuli starfsemi skóla endurspegla jafnrétti, bæði meðal starfsmanna og í samskiptum við nemendur og milli þeirra. Þar gera skólar sínar jafnréttis- og mannréttindaáætlanir sem eru hluti starfsáætlunar skóla. Sömuleiðis hafa áherslur sveitarfélagsins um jafnlaunavottun snúist um jafnrétti og jafnræði og skólar eru hluti af sömuleiðis. Þetta allt er að öðru leyti ekki sérstakt viðfangsefni hér.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs var með sérstakt fræðsluátak í tengslum við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem fól m.a. í sér sérstaka fræðslu um hvern grunnþáttanna sex til allrastarfsmanna skóla, og þar með um jafnrétti, á skólaárinu 2012-2013.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs er þá með sérstakan samning við Samtökin 78 um að sinna fræðslu fyrir starfsfólk grunnskóla um hinsegin málefni, sem eru þá skilgreind sem hluti viðfangsefna innan námsgreinarinnar jafnrétti og lífsleikni. Samningurinn kom til eftir ákvörðun fræðsluráðs Hafnarfjarðar á sínum tíma og hefur verið fylgt eftir með endurnýjun samnings við samtökin á hverju ári síðan. Meginefni samningsins hefur verið að fræða starfsfólk grunnskólanna um hinsegin málefni (í upphafi í öllum skólum og síðan árlega til nýrra starfsmanna) og annast sömuleiðis fræðslu um sama málefni fyrir nemendur í 8. bekk. Þriðji þáttur samningsins hefur verið að bjóða hafnfirskum ungmennum, og fjölskyldum þeirra, upp á ráðgjöf hjá Samtökunum eftir því sem óskað hefur verið eftir.

Þá hefur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs boðið skólum upp á fræðslu um fjölmenningu og kennslu í fjölmenningarlegu umhverfi af kennsluráðgjafa fjölmenningar á skrifstofunni.



**4 JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í GRUNNSKÓLUM HAFNARFJARÐAR**

Í grunnskólum Hafnarfjarðar var á sínum tíma tekin sameiginleg ákvörðun um það að búa til þrjár námsgreinar úr þeim níu viðfangsefnum sem eru tilgreind undir námssviðinu samfélagsgreinar. Þessar námsgreinar eru (1) heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði, (2) jafnrétti og lífsleikni og (3) landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði. Það væri ákvörðun og val hvers skóla hve mikil kennsla er í hverri þessara námsgreina í hverjum árgangi innan heildarmagns kennslustunda sem tilheyrir námssviðinu samfélagsgreinar. En meginreglan er samt sú að allar námsgreinarnar þrjár skulu kenndar í öllum grunnskólum bæjarins þótt magn þeirra sé ekki skilgreint miðlægt, þ.e. hvorki af aðalnámskrá (MMR) eða sveitarfélaginu. Samkvæmt gögnum sem skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hefur safnað reglulega (árlega) frá skólunum er kennsla í þessum þremur námsgreinum innan námssviðsins nokkuð áþekk að magni til innan árganga öll 10 skólaárin sem grunnskólanámið stendur yfir.

Upplýsingar um jafnrétti í skólastarfi má þannig finna í starfsáætlun og skólanámskrá skóla. Í starfsáætlun skóla er að finna jafnréttis- og mannréttindaáætlun sem gefur til kynna stefnumótun til starshátta er snýr að jafnrétti og mannréttindum. Í skólanámskrá skóla, út frá viðmiðunarstundaskrá skóla, er gefin til kynna hverjar fræðsluáherslur er snúa að jafnrétti sem kennslufræðilegu viðfangsefni.

**5 ÁLYKTUN ÚT FRÁ INNSENDUM GÖGNUM**

Ef gögnin frá einstaka skólum eru skoðuð (sjá viðauka) má sjá að margvísleg kennsla er í öllum grunnskólunum um jafnrétti og tengd málefni (því margs konar skörun og samþætting viðfangsefna getur átt sér stað). Upplýsingar eru mis ítarlegar eftir skólum. Það sem þó má lesa úr þessum gögnum er m.a. að:

- jafnréttisfræðsla sem kennsluefni innan námsgreinarinnar jafnrétti og lífsleikni á sér stað í öllum árgöngum grunnskólanna
- sýn skóla um þær áskoranir sem jafnréttisfræðsla felur í sér er skilgreint að marga vegu með margvíslegum sér áherslum einstakra skóla (sbr. kynjaáherslu í Barnaskóla Hjallastefnunnar, áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Áslandsskóla og samþættingu við aðrar námsgreinar í Hvaleyrarskóla)
- það er mismunandi eftir skólum hvernig þeir útfæra jafnréttisfræðslu, að magni, inntaki, áherslum og mögulega fleiri þáttum
- jafnréttisfræðsla er unnin í samspili við aðrar námsgreinar gerir viðfangsefni jafnréttismenntunar ekki nægjanlega skýr í skólanámskrá einstakra skóla (miðað við skil sem sýna sig í viðauka hér aftar)
- það mætti sjást skýrar í sumum skólum þau viðfangsefni sem eru tekin fyrir, þ.e. skilgreind meðvitað, undir hatti jafnréttisfræðslu svo betur væri hægt að átta sig á hverjar eru raunverulegar áherslur í fræðslu sem flokkast sem undir-viðfangsefni „jafnréttisfræðslu“.

**6 NIÐURSTAÐA SKRIFSTOFUNNAR**

Almennt séð telur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs að grunnskólar bæjarins sé með skýra stefnu um jafnréttis- og mannréttindamál og að jafnréttisfræðsla sé hluti af kennslu í öllum grunnskólunum sem allir skólar sinna. Þannig sé ekki beint hægt að skipa skólunum að sinna umræddra fræðslu á einhvern hátt einn frekar en annan umfram það sem lög ákveða. Það sé alltaf skólanna að ákveða með sína jafnréttisfræðslu, út frá lögunum og aðalnámskrá, sem taki jafnframt mið af aðstæðum á hverjum stað eins og við á hverju sinni skv. ákvörðun hvers skóla.

Skólastjóri er yfirmaður skóla og stýrir skólanámskrárgerð. Hann hefur lög um grunnskóla og aðalnámskrá sem viðmið og í dag felur það í sér að jafnréttisfræðsla er hluti kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar í dag. Skrifstofan tekur ekki fram fyrir hendur hans eða gerir tillögur um aukningu jafnréttisfræðslu umfram það sem lög kveða á um. Taki skrifstofan fram fyrir hendur skólastjóra hér er ekki bara verið að hlutast til um aukningu á jafnréttisfræðslu heldur væri skrifstofan á sama tíma líka að leggja til MINNKUN á kennslu annarra námsgreina innan námssviðsins samfélagsgreinar.



Á grunni þess hefur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs engar sérstakar athugasemdir við jafnréttisfræðslu í skólunum. Jafnframt telur skrifstofan sig ekki hafa neitt umboð til að setja þeim kennslufræðilegar áherslur umfram lög og aðalnámskrá, og mögulega sveitarfélagið í sumum tilvikum, nema ef skólarnir óski eftir samráði og frekari samhæfingu í kennslufræðilegum málefnum sem nái til alls bæjarins. En jafnréttisfræðsla hefur ekki verið á þeim forsendum umfram þá fræðslu sem snýr að hinsegin fræðslu til nemenda og starfsfólks allra grunnskólanna í bænum sem er sameiginleg fyrir alla grunnskólana.

Á ofangreindum forsendum telur skrifstofan að hún geti aðeins hvatt til frekari fræðslu og minnt á mikilvægi jafnréttisfræðslu í grunnskólastarfinu. Í þeim tilgangi leggur hún til eftirfarandi ábendingar til skóla til að ígrunda hvort og hvernig það mætti þróa jafnréttisfræðslu grunnskólanna.

*Ábendingar skrifstofunnar*

Út frá þeim gögnum sem skrifstofan fékk frá skólunum eru þeim gefnar eða færðar almennar ábendingar til að skoða og hvetja til aukinnar jafnréttisfræðslu. Þær eru að benda má á:

- mikilvægi stöðugrar fræðslu til starfsmanna um jafnréttisfræðslu um hina ýmsu anga eða þætti jafnréttis
- sérstaka þörf fyrir umfjöllun um kynjafræði og mögulega samfélagslega kynjamismunun í jafnréttisfræðslu, sérstaklega meðal unglinga
- mikilvægi jafnréttisumræðu í samhengi við umfjöllun um fjölmenningu og fjölmenningarsamfélagið sem vestræn lýðræðissamfélög augljóslega eru að verða meira og meira þátttakendur í (Ísland er þar ekki undanskilið) með vaxandi fólksflutningum á 21. öldinni og samstarfi innan Evrópu á evrópskra efnahags-svæðinu
- að jafnréttisfræðsla hefur margvíslegar tengingar við ýmis önnur viðfangsefni, t.d. heimsmarkmið SÞ, sjálfbærni, lífsleikni sem samskiptafærni og virðing í samskiptum, kynjafræði og hinsegin fræði, athafnir dagslegs lífs og þarf ekki að vera sér námsgrein heldur er einnig samofin inn í alla aðra kennslu, viðhorf og samskipti innan skólastofunnar og utan. Það gefur tækifæri til að tengja jafnrétti í ýmsa aðra kennsluþætti, líkt og hugmyndin um grunnþætti menntunar ætlar sér, án þess þó að fletja út eða draga úr mikilvægi sérstakrar jafnréttisfræðslu til nemenda í einstaka árgöngum með skýrt skilgreindum viðmiðum.

Með þessu minnisblaði telur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs sig hafa svarað fyrirspurn bæjarráðs og verkefnið afgreitt. Frekari umfjöllun á vegum skrifstofunnar um viðfangsefnið fer þá ekki fram nema til koma ný eða breytt ósk frá bæjaryfirvöldum.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla

# VIÐAUKI

Viðauki 1: Áslandsskóli



**Grunnskólar Hafnarfjarðar**
**Áslandsskóli**
**September 2020**
**Jafnréttisfræðsla í grunnskólum**

Óskað er eftir að hver grunnskóli svari eftirfarandi spurningum og sendi til vigfus@hafnarfjordur.is eigi síðar en 30. september nk.

1. Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?
2. Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?
3. Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?

**1 Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?**

Svar:

- Að allir einstaklingar sem í skóla starfa njóti jafnréttis í daglegu skólastarfi.
- Að nemendur og starfsfólk rækti með sér víðsýni, umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- Að jafnrétti nær til allra einstaklinga óháð kyni, uppruna, efnahag, tungumáli, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð eða aldri.
- Að jafnréttisfræðsla sé í gangi allan grunnskólann og birt í skólanámskrá.
- Að námsefni og sérhver námsgögn mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra nemenda(hópa) að leiðarljósi.
- Að kennsluhættir taki mið af fjölmenningarsamfélagi og margbreytilegum nemendahópi.
- Að náms- og starfsfræðsla leggi áherslu á að kynna fyrir báðum kynjum störf sem gjarnan er litið á sem hefðbundin kvenna- og karlastörf. Starfsmarkmið skóla og áherslur í framfylgd lagaákvæða um jafnrétti á vinnustöðum og

**2 Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?**

| **Árgangur** | **Jafnréttisfræðsla skólaárið 2020-2021 skv. skólanámskrá** |
|---|---|
| 1. bekkur | Að nemendur geti áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. |
| 2. bekkur | Að nemendur geti áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. |
| 3. bekkur | Að nemendur þekki ýmis réttindi tengt jafnréttisfræðslu og þekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. |

| | |
|---|---|
| 4. bekkur | Að nemendur geti áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna |
| 5. bekkur | Að nemendur geti sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum s.s. kærleika , mannhelgi, og félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir örðum mönnum og öllu lífi, fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og beint á leiðir til úrbóta. |
| 6. bekkur | Að nemendur geti áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast. |
| 7. bekkur | Að nemendur geti vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalímynda hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt |
| 8. bekkur | Að nemandi geti borið virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og rétt allra á frelsi óháð skoðunum, gildi, trú, kynhneigð og kynþætti. |
| 9. bekkur | Að nemandi geti borið virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og rétt allra á frelsi óháð skoðunum, gildi, trú, kynhneigð og kynþætti. |
| 10. bekkur | Að nemandi geti borið virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og rétt allra á frelsi óháð skoðunum, gildi, trú, kynhneigð og kynþætti. |



**3 Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?**

Svar: Nei

**Grunnskólar Hafnarfjarðar**
**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði**
**September 2020**
**Jafnréttisfræðsla í grunnskólum**

Óskað er eftir að hver grunnskóli svari eftirfarandi spurningum og sendi til vigfus@hafnarfjordur.is eigi síðar en 30. september nk.

1. Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?
2. Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?
3. Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?

**1 Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?**
Svar:
Allt starf í Hjallastefnunni snýr að jafnrétti með einum eða öðrum hætti, en Hjallastefnan var upphaflega stofnuð til að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði í samfélaginu. Það má með sanni segja að Hjallastefnan sé í eðli sínu jafnréttisstefna.

Í Hjallastefnunni er heilbrigð og sterk menning og starfsfólk skynjar að það tilheyri samfélagi þar sem borin er virðing fyrir öllum. Börnin eru það mikilvægasta í starfi Hjallastefnunnar og starfsfólk nálgast hvert barn með kærleika og hlýju.

Daglegt starf er útfært í meginreglum og kynjanámskrá skólanna sem eru birtingarmyndir jafnréttishugsjóna Hjallastefnunnar. Saman myndar þetta tvennt heildræna sýn á starf skólans og sameiginleg hlutverk, gildi og markmið sem stuðla að djúpri jafnréttishugsun sem er megin þema í daglegri ástundun starfsfólks í starfinu, þjálfun og samtali. Með kynjanámskrá er gagnkvæmur skilningur allra á mikilvægi vellíðan og jafnréttis hjá Hjallastefnunni tryggður, en meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnunnar.

Með jafnréttisáherslum er stuðlað að því að starfsfólk og börn vinni með styrkleika sína og persónulega þroska. Styrkleikaþjálfun nær bæði til ólíkra færni kynjanna í einstaklings- sem og félagsfærni. Hjallastefnan skapar því umhverfi sem styður heilbrigða og sterka menningu byggða á þekkingu á birtingarmynd kynjanna sem er aftur einnig fylgt eftir í stjórnun á öllum stigum.

Menning Hjallastefnunnar með jafnréttissjónarmið sem lykilviðmið miðar að því að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan og stöðugt betri. Jafnrétti stuðlar að trausti, öryggi og góðri framkomu við alla. Skólar Hjallastefnunnar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir, bæði fyrir börn og starfsfólk og hluti af menningunni er meitluð í orðanotkun sem birtist í virðingu og samskiptum starfsfólks á milli, í samskiptum við börn og þeirra á milli.

Til að viðhalda menningunni er mikill metnaður lagður í að þjálfa starfsfólk í aðferðum, nálgun og notkun á meginreglum og kynjanámskrá. Þannig er tryggt að allt starfsfólk Hjallastefnunnar tileinki sér djúpa jafnréttishugsun. Til að ítra jafnrétti í starfinu eru notaðar lotur yfir skólaárið sem allar hafa sterka snertifleti við jafnrétti meðal barna og starfsfólks. Í þjálfun og starfi er m.a. kennt að greina þær skekkjur sem eru til staðar í samfélaginu sem og í samskiptum og ákvörðunum. Þættir sem eru hluti af aldagamalli hefð og venjum sem er rótgróið í samfélaginu og Hjallastefnunni er ætla að uppræta.

Jákvæðniþáttur Hjallastefnunnar snýst bæði um viðhorf okkar gagnvart okkur sjálfum og líka um viðhorf okkar og hegðun gagnvart öðru fólki. Því má segja að þjálfun í jákvæðri afstöðu sé meðal annars lykill að farsælu lífi þar sem öllum ber sami réttur. Án jákvæðrar lífsafstöðu mun enginn geta þróað þá virðingu sem þarf til að jafnrétti ríki.

Jafnréttishugsjónin er einfaldlega eitt mikilvægasta markmið Hjallastefnunnar. Allt frá millimetralýðræði í leikskóla upp í lýðræðisfundi í grunnskóla er ávallt verið að tryggja börnum jákvæðar leiðir að því að njóta fullra réttinda innan skólans og þjálfa þau í að beita rétti sínum.



Hjallastefnan beitir kynjaskiptum hópum til að auka líkurnar á jafnrétti stúlkna og drengja. Þar gilda hin jákvæðu Hjallastefnuviðhorf að gefa báðum kynjum kost á að þroskast og dafna á eigin forsendum án afskipta eða truflunar frá gagnstæðu kyni en um leið að veita þeim sérstaka uppbót á þeim sviðum sem hafa goldið fyrir kynferði viðkomandi. Þar er öll kynjanámskráin uppbótarvinna sem sjálfkrafa vinnur gegn neikvæðum afleiðingum hefðbundinnar kynjamenningar þar sem drengir hafa verið sviknir um heiðarlegt félagsuppeldi og stúlkur verið sviknar um einstaklingsuppeldi. Þar með þarf ekki að fara gegn neikvæðum einkennum umræddrar kynjamenningar heldur styrkja á jákvæðan hátt það sem upp á vantar.

Í kynjaskiptu starfi fá öll börn að prófa og þróa eiginleika sína, áhuga, leiki, námssvið og verkefni þar sem þeirra eigin hugmyndir ráða ferðinni þar sem annað kynið einokar ekki sviðið á kostnað hins kynsins sem fær þá ekki tækifæri.

Blöndun kynjanna er síðan daglegt viðfangsefni þar sem kynin mætast og æfa samvistir. Markmið blöndunar er fyrst og fremst að skapa jákvæða mynd af hinu kyninu og komast frá þeirri togstreitu sem gjarnan þróast hjá börnum á grunnskólaaldri gagnvart gagnstæðu kyni. Blöndunarverkefni eru því látlausar jákvæðniæfingar og ef einhver neikvæðni gerir vart við sig í blöndunarstundum, er blöndunin hvíld um tíma og undirbúin vel fyrir næstu skref.

Kynjafræðsla er síðan jafnréttisþáttur kynjanámskrár þar sem fjallað er um hinar ýmsu hliðar misréttis og leiðir til betra lífs með tengingu við veruleika barnanna sjálfra. Fjallað er um kynjamálefni í ljósi fjölmiðla, menningu og lista, í uppeldi og skólastarfi, náms- og starfsvali, í eigin kynjaviðhorfum og staðalímyndum, stjórnmálum og samskiptum kynjanna svo dæmi séu tekin.

Auk jákvæðniviðhorfa Hjallastefnunnar eins og hún birtist í meginreglu tvö, eru hugtökin bjartsýni, gleði, ákveðni og hreinskiptni lotuhugtökin. Þau tvö síðarnefndu eru afar mikilvæg fyrir jafnréttisviðhorf og jafnréttisstarf.

Ákveðnin er þjálfuð til að allir geti tjáð sig og leitað réttar síns. Hreinskiptnin er æfð til að geta sagt hug sinn á jákvæðan hátt og án þess að vaða yfir annarra landhelgi á einhvern hátt eins og gerist þegar of lengi er þagað þar til dropinn fyllir mælinn með alvarlegum og neikvæðum afleiðingum.

**2 Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?**

| **Árgangur** | **Jafnréttisfræðsla skólaárið 2020-2021 skv. skólanámskrá** |
|---|---|
| 1. bekkur | Jafnréttisfræðsla er gegnumgangandi rauður þráður í öllu starfi í Hjallastefnuskólum. |
| 2. bekkur | Jafnréttisfræðsla er gegnumgangandi rauður þráður í öllu starfi í Hjallastefnuskólum. |
| 3. bekkur | Jafnréttisfræðsla er gegnumgangandi rauður þráður í öllu starfi í Hjallastefnuskólum. |
| 4. bekkur | Jafnréttisfræðsla er gegnumgangandi rauður þráður í öllu starfi í Hjallastefnuskólum. |



**3 Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?**

Svar:

Tillögur:

a) Nemendur fái lýðræðislegt val um viðfangsefni. Það er að einhverskonar val sé sniðið inn í hvern einasta dag þannig að allir hafi eitthvað um daginn sinn að segja. Því má til dæmis koma við með daglegum valfundum þar sem nemendur geta t.d. valið er um mismunandi viðfangsefni í náminu eða í frjálsum tíma.
b) Tryggja að lýðræðislegar umræður séu hluti af skólastarfi hjá öllum nemendum á grunnskólastigi, allt frá 1. bekk upp í 10. bekk.
c) Bjóða upp á samvinnuverkefni þar sem hallar á hvorugt kynið.
d) Kynjaskipta hluta úr degi eða hluta tímans í ákveðnum fögum þegar ríkjandi hugmyndir og/eða jafnvel úreltar hafa neikvæð áhrif á hegðun og hugmyndir kynja.

Viðauki 3: Hraunvallaskóli

**Grunnskólar Hafnarfjarðar**
**Hraunvallaskóli**
**September 2020**
**Jafnréttisfræðsla í grunnskólum**



Óskað er eftir að hver grunnskóli svari eftirfarandi spurningum og sendi til vigfus@hafnarfjordur.is eigi síðar en 30. september nk.

1. Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?
2. Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?
3. Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?

**1. Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?**
*Svar: Eftirfarandi kemur fram í menntastefnu skólans:*
Í Hraunvallaskóla er stuðlað að skólastarfi sem starfar eftir lögum um jafnrétti og að bæði nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og geti tekið fullan þátt í starfinu án tillits til kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kynhneigðar eða nokkurs annars sem gæti mismunað fólki. Leitast er við að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Lögð er áhersla á að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Slík jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun í Hraunvallaskóla vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis.
Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er hugtakið jafnrétti skilgreint sem regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, þjóðerni og ætterni.

*Einstakir stefnuþættir:*

i. Áhersla á að allir í skólasamfélaginu taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis í öllu skólastarfi.
ii. Áhersla á skólastarf sem starfar eftir lögum um jafnrétti.
iii. Áhersla á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og geti tekið fullan þátt í starfinu án tillits til kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kynhneigðar eða nokkurs annars sem gæti mismunað fólki.
iv. Áhersla á að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.
v. Áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
vi. Áhersla á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika í öllu skólastarfi.
vii. Áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
viii. Áhersla á nám um kyn og kynhneigð.
ix. Áhersla á nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.
x. Áhersla á fræðslu og skilning á þróun Íslands sem fjölmenningarsamfélags.
xi. Áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun.

**2. Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?**



| **Árgangur** | **Jafnréttisfræðsla skólaárið 2020-2021 skv. skólanámskrá** |
|---|---|
| 1. Bekkur | Hæfniviðmið<br>● Gerir sér grein fyrir að allir hafa sama rétt<br>● Áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform og hefur ólíkan bakgrunn<br>● Þekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna<br>● Sýnir virðingu í samskiptum við aðra<br>Námsefni<br>● Rúnar góði (samþætt verkefni í byrjendalæsi)<br>● Spor 1 (námsefni í lífsleikni)<br>● Fjölskyldubókin (samþætt verkefni í byrjendalæsi)<br>● Skrímslabækur Áslaugar Jónsdóttur (samþætt verkefni í byrjendalæsi) |
| 2. Bekkur | Hæfniviðmið<br>● Gerir sér grein fyrir að allir hafa sama rétt<br>● Sýnir tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra<br>● Getur bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu<br>Námsefni<br>● Spor 2 (lífsleikni)<br>● Komdu og skoðu land og þjóð (samþætt verkefni í byrjendalæsi) |
| 3. bekkur | Hæfniviðmið<br>● Getur sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags á tímum bændasamfélagsins og nefnt dæmi um hvernig líf fólks hefur breyst<br>● Þekkir dæmi um hefðbundin kynhlutverk fyrr á tímum og breytingar á þeim<br>● Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna<br>● Sýnir tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra<br>Námsefni<br>● Spor 3 (lífsleikni)<br>● Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti (samþætt verkefni í byrjendalæsi) |
| 4. bekkur | Hæfniviðmið<br>● Getur bent á tengsl trúar og lífsviðhorfa<br>● Áttar sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtist í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum<br>● Áttar sig á að fólk aðhyllist mismunandi trúarbrögð<br>● Þekkir nokkur helstu trúarbrögð heims<br>● Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna<br>● Áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.<br>● Þekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna<br>● Áttar sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum<br>Námsefni<br>● Trúarbrögðin okkar<br>● Spor 4 (lífsleikni)<br>● Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna |
| 5. bekkur | Hæfniviðmið<br>● Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðum<br>● Tekið þátt í samfélagstengdum samræðum á ábyrgan hátt.<br>● Fær jafningjafræðslu frá nemendum 8.bekkjar um mikilvægi samvinnu og leiðtogahæfni. |

| | |
|---|---|
| | Námsefni<br>● Kvan og fleira lífsleikniefni |
| 6. bekkur | Hæfniviðmið<br>● Geti útskýrt ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>● Geti sýnt tillit til skoðanna annarra á fordómalausan hátt<br>● Geti rætt samfélagsleg og siðferðisleg málefni á ábyrgan hátt<br>● Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br>● Fær jafningafræðslu frá nemendum í 9.bekk um mikilvægi vináttu.<br>Námsefni<br>● Stattu með þér<br>● Kvan og fleira lífsleikniefni<br>● Efni sem tengist trúarbrögðum sem tengjast kristni |
| 7. bekkur | Hæfniviðmið<br>● Geti greint frá áhrifum staðalímynda og lýst hvernig hægt sé að nýta þau á uppbyggjandi hátt<br>● Gert sér grein fyrir ólíkum kynjahlutverkum og stöðu þeirra í samfélaginu.<br>● Geti útskýrt jafnrétti og hvaða áhrif það hefur á samfélagið<br>● Geri sér grein fyrir eigin réttindum og stöðu í samfélaginu.<br>● Fær jafningjafræðslu frá nemendum í 10.bekk um mikilvægi ábyrgðar á eigin lífi, heilsu og setja mörk.<br>Námsefni:<br>● Stattu með þér<br>● Kvan og fleira lífsleikniefni<br>● Efni sem tengist margskonar trúarbrögðum |
| 8. bekkur | Hæfniviðmið í árgangi:<br>● Skilið hugtakið stéttaskipting<br>● Þekki áróður og ritskoðun<br>● Greint samnefnara milli okkar daga og fyrri heimsstyrjaldar er varða kynþáttahyggju og kynþáttafordóma, ritskoðunar og áróðurs.<br>● Greint frá mikilvægi stofnunar Sameinuðu þjóðanna.<br>Jafningjafræðsla:<br>● Útbúi fræðslu um samvinnu, leiðtogahæfni fyrir nemendur í 5. bekk<br>● Flytji fræðslu um samvinnu, leiðtogahæfni fyrir nemendur í 5. bekk. |
| 9. bekkur | Jafningjafræðsla:<br>● Útbúi fræðslu um vináttu og virðingu fyrir nemendur í 6. bekk<br>● Flytji færðslu um vináttu og virðingu fyrir nemendur í 6. bekk. |
| 10. bekkur | Hæfniviðmið í árgangi:<br>● Útskýri og upplifi margbreytileika mannlífsins<br>● Kynnist mismunandi hlutuverkum í samfélaginu<br>● Átti sig á áhrifum sínum á samfélagið og áhrifum samfélagsins á sig.<br>● Átti sig á hvað lýðræði er og geti nýtt sér þá þekkingu í verki<br>● Geti sett sig í spor annarra<br>● Átti sig á hvernig trú, menning, lífsviðhorf og kynhneigð hafi áhrif á “sjálfið”.<br>● Geti gagnrýnt staðalímyndir og mótað sér eigin leið í lífinu.<br>● Læri að bera virðingu fyrir öðrum manneskjum<br>● Fást við erfiðar siðferðislegar spurningar og læra að gera málamiðlanir<br>● Viti hvaða réttindi, skyldur og dyggðir fylgja því að tilheyra samfélagi |

| | |
|---|---|
| | ● Kynnist mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og skyldum okkar gagnvart honum.<br>● Þekki muninn á mannréttindum og forréttindum.<br>Jafningjafræðsla:<br>● Undirbúi fræðslu um ábyrgð, mörk, réttindi, skyldur fyrir nemendur í 7.bekk<br>● Flytur fræðslu um ábyrgð, mörk, réttindi, skyldur fyrir nemendur í 7.bekk |



**3. Hefur skólinn sérstakar tillögur um aðgerðir til eflingar jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar?**

Svar: Engar sérstakar ábendingar.

Viðauki 4: Hvaleyrarskóli

**Grunnskólar Hafnarfjarðar**
**Hvaleyrarskóli**
**September 2020**
**Jafnréttisfræðsla í grunnskólum**



Óskað er eftir að hver grunnskóli svari eftirfarandi spurningum og sendi til vigfus@hafnarfjordur.is eigi síðar en 30. september nk.

1. **Hver er stefna skólans í jafnréttisfræðslu?**

Í menntastefnu Hvaleyrarskóla kemur fram að lögð er áhersla á sex grunnþætti menntunar þ.e. heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun.

Meginmarkmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stuðla skal að því að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Hvaleyrarskóli er skóli margbreytileikans og er lögð áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika. Efla skal skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma samfélagi og búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Í öllu skólastarfi skal leggja áhersla á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

Í megin markmiðum skólans kemur fram að við viljum bjóða upp á fjölbreytt og áhugavekjandi nám fyrir alla nemendur þar sem áhersla er lögð á öflun þekkingar, skilning og færni.

2. **Hvernig er kennslu skólans í jafnréttisfræðslu háttað í dag?**

Í fyrstu bekkjum skólans er jafnréttisfræðslan samþætt inn í samfélagsgreinar og íslensku þar sem þessar greinar eru samþættar inn í lestarkennsluna. Þegar komið er á miðstig er þessi fræðsla líka inni í samfélags- og náttúrugreinum ásamt íslenskunni. Hjá elstu nemendunum fer jafnréttisfræðalan mest fram í samfélagsgreinum þar sem er sérstakt þema er unnið í þessum þætti þar sem samþætting er að hluta inn í náttúrugreinar og tíma sem heitir bekkjarfundur. Þá er jafnréttisfræðslan samtvinnuð inn í allar greinar skólans í tengslum við námslotur og námsefni.

| **Árgangur** | **Jafnréttisfræðsla skólaárið 2020-2021 skv. skólanámskrá** |
|---|---|
| 1. bekkur | Samþætt verkefni í samfélagsgreinum, íslensku og lestrarkennslu |
| 2. bekkur | Samþætt verkefni í samfélagsgreinum, íslensku og lestrarkennslu |
